

Nd.

572. Nefndarálit

[212. mál]

um frv. til 1. um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og er sammála um að mæla með samþykkt þess, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Nefndin leggur til, að á frv. verði gerðar svofelldar

BREYTINGAR:

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Úr jarðhitasjóði má verja fé til rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum, jarðeðlisfræðilegum og öðrum vísindalegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna við vinnslu jarðhita o. fl.

2. Við 3. gr. Í stað „Ríkisstjórnin“ í 1. mgr. komi: Ríkið.

3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Jafnan skal leita umsagnar raforkuráðs um allar greiðslur úr sjóðnum og framkvæmdir, er sjóðnum er ætlað að veita fé til.

Alþingi, 21. marz 1961.

Birgir Kjaran, Birgir Finnsson, Lúðvík Jósefsson.
form., frsm. fundaskr.

Skúli Guðmundsson. Davíð Ólafsson.